



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Pingskjal nr. 9 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Reglugerð um körfuknattleiksmót

19. grein

1. DEILD KARLA

Deildin skal skipuð 10 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.

Deildin skal skipuð 12 liðum þar sem leikin er þreföld umferð. Í fyrstu tveimur umferðunum leikur hvert lið innbyrðis heima og að heiman gegn hverju hinna. Þriðja umferðin er alveg eins og fyrsta umferðin.

[...]

Greinargerð:

Við teljum að það sé deildinni til góða að fá fleiri leiki. Í dag eru 10 lið í 1.deild og hið minnsta þrjú lið sem hafa mikinn hug á að komast upp úr 2.deild og því aldrei verið betra tækifæri til að stækka deildina. Í núverandi fyrirkomulagi hafa innbyrðis viðureignir mikil áhrif og lið geta t.a.m ekki komist hjá því að hugsa um lokatölur í leikjum í október og nóvember þar sem innbyrðis stigaskor getur haft mikil áhrif á lokaniðurröðun. Með þriðju umferðinni dettur sú regla út og þjálfarar hafa tækifæri á að finna frekari mínútur fyrir leikmenn sem eru annars ekki að koma mikið við sögu þegar liðin eru að elta innbyrðis úrslit.

F.h. kkd. Hattar

Viðar Örn Hafsteinsson

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld



55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 9 – Reglugerð um körfuknattleiksmót

Umsögn mótanefndar KKÍ

Mótanefnd bendir á að fyrir þinginu liggja aðrar tillögur um fækkun leikja í 1. deild karla, ásamt þessari tillögu um fjölgun liða og leikja í 1. deild karla. Þessi tillaga myndi þýða þéttara leikjaplan, að hluta til sambærilegt því sem birtist með umsögn við þingskjal 8, þó þannig að hægt verði að leika í landsleikjahléum.

Vísað til: Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar Laga- og leikreglanefndar
Afgreitt: Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld